

### Björk stofnar sprotasjóð

» Auður Capital og Björk Guðmundsdóttir hafa ákveðið að stofna sameiginlegan fagfjárfestisjóð fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki. Sjóðurinn mun bera nafnið Björk – sprotasjóður.



Þetta var tilkynnt á sérstökum blaðamannafundi í gær, miðvikudag. Stofnendur leggja sameiginlega til hundrað milljónir króna í sjóðinn en markmiðið er að fá fleiri fjárfesta til að leggja peninga í sjóðinn. Björk hefur beitt sér fyrir því að auka veg sprotafyrirtækja og hefur talað fyrir meiri fjölbreytni í atvinnulífinu, eflingu hugvits-

ins og menningarinnar. Þess vegna kemur hún að þessum sjóði, upplýsir Þórunna Jónsdóttir, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Auðar Capital. Þórunna kveðst gera ráð fyrir því að það muni taka um tvo mánuði að loka sjóðnum. Að þeim tíma liðnum sé hægt að falast eftir því að sjóðurinn fjárfesti í fyrirtækjum sem falli undir fjárfestingarstefnu hans.

